

## PANTONE KLÚBBURINN


Kæri PANTONE notandi

September 2017

Innifalið í kaupum á Pantone vörum frá okkur er 12 mánaða skráning í [PANTONE KLÚBBINN](#) sem hefur það að leiðarljósi að hvetja fagnotendur PANTONE til árvekni þegar kemur að vali, miðlun og notkun/prentun valinna PANTONE lita, hvort sem viðkomandi litir eru skilgreindir í sérlitum eða í 4 lit og að nýta sér nýjustu tækni og alþjóðlega staðla s.s. ISO 12647 staðalinn til að skila nákvæmlega þeim litum sem óskað er eftir.

Megináherslan hjá okkur er á samræmingu einkennislita fyrirtækja eða vörulína, (**“Brand Colors”**) og að útbreiða leiðir til að skilgreina þá rétt á hönnunarstiginu og viðhalda þeim síðan á framleiðslustiginu.

Að auki býðst klúbbfélagum **10% afsláttur** af öllum PANTONE litabókum sem hér eru kynntar við endurnýjun viðkomandi litabóka á 12 mánaða fresti en PANTONE LLC veitir einmitt 12 mánaða ábyrgð á litabókum vegna breytinga sem verða á litum, bæði vegna aflitunar pappírs en einnig vegna eðlis litarefna sem notuð eru í Pantone litina sjálfa sem litabækurnar eru prentaðar með..



Kaupendur PANTONE vara eiga rétt á að fá afhenta **vottun** sem staðfestir að viðkomandi eigi og noti PANTONE litakerfi innan ábyrgðar. Tilvalið er að birta viðkomandi vottun á vefsíðu fyrirtækisins, með útgefnu kynningarefni og sem viðhengi með útsendum tilboðum, svo dæmi sé nefnt. Sérvottun er gefin út með hverri PANTONE litabók/setti eða PANTONE vöru til að viðskiptavinir viti nákvæmlega hvaða þjónustu viðkomandi býður upp á.

**Pantone Color Manager** fylgir frítt með PANTONE litabókum frá okkur en hann er notaður til að setja inn nýjustu litapallettur PANTONE í Adobe forritin.

**Við bjóðum eftirfarandi aðila velkomna:**

Eigendur vörumerkja, auglýsingastofur/grafíska hönnuði/vefhönnuði, prentsmiðjur og skiltagerðir.



I&I Heildsala er einnig umboðsaðili fyrir PANTONE vogir með PANTONE PLUS, Metallics, Premium Metallics, Pastels & Neons litakerfunum innbyggðum og eru uppfærslur með nýju Pantone litunum fánlegar fyrir PANTONE vogir með LED skjá. Sjá [www.spot-nordic.com/vogir](http://www.spot-nordic.com/vogir).

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu okkar [www.spot-nordic.com/islenska](http://www.spot-nordic.com/islenska)

Virðingarfyllt,

Ingi Karlsson  
I&I Heildsala / Spot-Nordic

## PANTONE PLUS SERIES

### **PANTONE Formula Guide (standard kubbornir) fyrir húðaðan og óhúðaðan pappír**



Kerfið inniheldur alla gömlu góðu Pantone sérlitina en að auki hefur verið bætt við samtals 756 nýjum litum síðan 2010 sem eiga það sameiginlegt að vera "normaliseraðir" fyrir hæfilega litagjöf (litþykkt) í offsetprentun. Inniheldur uppskriftir fyrir litablöndun.

**GP1601N: 1.867 litir** kr. 24.900 án vsk

### **PANTONE Color Bridge fyrir húðaðan og óhúðaðan pappír**



Color Bridge sýnir Pantone litina og 4 lita útfærslu þeirra hlið við hlið prentaða skv. ISO 12647-2. Þetta sett hentar hönnuðum sem þurfa að vinna jöfnum höndum með PANTONE sérliti og 4 lit eða fyrir vef. Inniheldur CMYK gildi, HTML og RGB gildi (*ekki uppskriftir*). Tilteknir PANTONE sérlitir prentast viðunandi þegar þeim er breytt í 4 lit fyrir prentun en aðrir PANTONE sérlitir breytast það mikið við þessa yfirfærslu að það telst óviðunandi. Velja þarf "CMYK" þegar þessari litapallettu er exportað úr Pantone Color Manager til að hún virki rétt í Adobe forritum.

**GP6102N: 1.867 litir** kr. 43.900 án vsk (sett: glanshúðaður og óhúðaður kubbur)

**GG6103N: 1.867 litir** kr. 27.900.900 án vsk (glanshúðaður kubbur)

**GG6104N: 1.867 litir** kr. 27.900 án vsk (óhúðaður kubbur)

### **PANTONE CMYK fyrir húðaðan og óhúðaðan pappír**



Henta við hönnun verkefna í 4 lit. 2.868 rasta afbrigði prentuð í 4 lit á húðaðan og óhúðaðan pappír skv. ISO 12647-2.

*Tilvalið fyrir fyrirtæki sem bjóða upp á stafræna CMYK prentun, þar eð CMYK tæki eiga að geta prentað alla liti í þessu kerfi vandræðalaust, svo lengi sem tækið er stillt á prentun skv. ISO 12647.*

*Flestar betri prentsmiðjur á Íslandi stilla jafnframt „proofera“ og prentvélar sínar til að prenta skv. þessum staðli.*

Hér er ekki um að ræða Pantone litanúmer, heldur er hverri litasamsetningu (t.d. 100c30m30y0k) gefið númer sem á eingöngu við um þessa litakubba og prentast þetta sérnúmer ekki út með litaborða. Þar af leiðir að hönnuður þarf að taka sérstaklega fram við prentsmiðju hvaða CMYK litir eru til prentunar og merkja CMYK liti í notkun handvirkt inn á próförk, sé óskað eftir að prentari skoði þessa liti sérstaklega.

Velja þarf “CMYK” þegar þessari litapallettu er exportað úr Pantone Color Manager til að hún virki rétt í Adobe forritum.

**GP5101: verð kr. 24.900 án vsk (húðaður og óhúðaður kubbur)**

### **PANTONE Essentials taska**



Inniheldur alla ofangreinda kubba:

**GPG301N: verð kr. 89.900 án vsk**

### **PANTONE Metallic Set**



Samtals 600 Metallic litir í setti:

**PANTONE METALLIC GUIDE og  
PANTONE PREMIUM METALLICS**

**GP1507: Verð kr. 25.900 án vsk  
(2 x glanshúðaðir kubbar)**

### **PANTONE Pastels & Neons fyrir húðaðan og óhúðaðan pappír**



154 Pastel litir og 42 nýir Neon (Fluorcent) litir til viðbótar við þá 14 sem fyrir voru.

**GG1504: Verð kr. 18.900 án vsk**

### **PANTONE Portable Guide Studio**



Inniheldur alla ofangreinda kubba Pantone kubba:

**PGP304N: verð kr. 109.900 án vsk**

## **PANTONE Solid Guide Set**

Fyrir fagfólk sem vinnur eingöngu með sérblandaða liti, - til blöndunar (uppskriftir) og prentunar.



Inniheldur Formula Guides (U+C), Metallic Guide Set og Pastels & Neons (U+C) kubbinn:

**GP1605N: Verð kr. 62.900 án vsk**

## **PANTONE Reference Library Complete**



Inniheldur alla PANTONE kubbana og sýnishornamöppur fyrir solid litina með afrifum sem hægt er að rífa af og senda til viðskiptavina eða prentsmiðju:

- *FORMULA GUIDE Solid Coated*
- *FORMULA GUIDE Solid Uncoated*
- *COLOR BRIDGE® Coated*
- *COLOR BRIDGE® Uncoated*
- *CMYK Coated*
- *CMYK Uncoated*
- *PREMIUM METALLICS Coated*
- *PASTELS & NEONS Coated & Uncoated*
- *METALLIC FORMULA GUIDE Coated*

### **Sýnishornamöppur:**

- *SOLID CHIPS Coated*
- *SOLID CHIPS Uncoated*
- *PASTELS & NEONS CHIPS Coated & Uncoated*
- *PREMIUM METALLICS CHIPS Coated*
- *PANTONE METALLIC CHIPS Coated*

Standur fylgir.

**GPC305N: Verð kr. 224.900 án vsk**

## PANTONE Extended Gamut Guide (Coated)



**NÝJUNG!** 1.729 PANTONE litir prentaðir með process CMYK + OGV (Orange, Green, Violet). Miklu betri nálgun við sérlitinn í process prentun með stækkuðu litasviði!

Athugið að til að geta prentað þessa liti þarf viðkomandi prentari/prentvél að bjóða upp á 7 lita prentun.

Þetta nýja litakerfi er sérstaklega áhugavert þegar prenta þarf marga PANTONE liti saman eða ef þörf er á stærra litasviði fyrir meira "punch". Eins og PANTONE notendur vita þá eru ákveðnir PANTONE litir sem einfaldlega er ekki hægt að prenta í 4 lit og því hefur fram til þessa þurft að prenta þá með sérblönduðum litum (sérlit/spot).

PANTONE Extended Gamut á eingöngu við prentun á húðaðan pappír.

*Við hvetjum grafíska hönnuði til að hafa náið samráð við prentsmiðjur sínar áður en ráðist er í að vinna verkefni með þessu nýja kerfi.*

**GG7000: Verð kr. 24.900 án vsk**

**PANTONE Master Collection**

PANTONE

**MASTER COLLECTION**  
Set of 8 PANTONE Guides +  
CAPSURE™ Tool



**NÝJUNG:** Inniheldur alla PANTONE kubbanda nema [PANTONE CMYK](#) settið:

PANTONE FORMULA GUIDE Solid Coated  
PANTONE FORMULA GUIDE Solid Uncoated  
PANTONE COLOR BRIDGE® Coated  
PANTONE COLOR BRIDGE® Uncoated  
PANTONE EXTENDED GAMUT GUIDE Coated  
PANTONE METALLICS Coated  
PANTONE PREMIUM METALLICS Coated  
PANTONE PASTELS & NEONS Coated & Uncoated  
**PANTONE CAPSURE Device**

Inniheldur einnig PANTONE CAPSURE undratækið - sjá umfjöllun hér að neðan, að verðmæti kr. 115.900 án vsk.

**2016-015: verð kr. 169.900 án vsk**

## PANTONE CAPSURE



**PANTONE litamælir með Bluetooth, hugbúnaði og USB tengisnúru.**

Þægilegur, notendavænn og nettur handmælir til að mæla lit af nánast hvaða yfirborði sem er.

Inniheldur flestar PANTONE litabækurnar bæði fyrir prentiðnað, fataiðnað og arkitektúr ásamt viðeigandi hugbúnaði til að flytja litina sem þú mælir inn í forritin sem þú notar.

Þú velur einfaldlega þá PANTONE litabók/litabækur sem þú vilt styðjast við, mælir litinn og CapSure mælirinn gefur þér upp þann PANTONE lit/PANTONE númer sem er líkastur litnum.

**RM200-BPT01: kr. 99.900 án vsk**

Hafið samband í síma 896 9790 ef þið óskið eftir að fá að prófa tækið.



## PANTONE / X-Rite ColorMunki Design



Snilldarlausn framleidd af öflugasta framleiðanda tækja til litamælinga í heiminum, **X-Rite**.

Þessi pakki gerir notanda kleift að búa til prófil fyrir skjáinn, prentarann og skjávarpann, - allt með einu og sama tækinu og hugbúnaðinum!

Þú getur líka mælt hvaða lit sem er, hvar sem er, vistað litinn og unnið með hann í grafísku forritunum þínum. Þú getur meira að segja látið hugbúnaðinn pikka sjálfkrafa út aðalliti tiltekinna ljósmynda - sjá myndina hér að ofan.

Notendavæn og fjölhæf lausn sem hentar jafnt byrjendum í litastjórnun sem og fagfólki sem vill fá mikið fyrir lítið.

Nánari upplýsingar um Colormunki er að finna á vefsíðunni <http://www.xrite.com/colormunki-design>.

**MEU115: Verð kr. 76.900 án vsk**

## **PANTONE skoðunarkassar**



Skoðunarkassi með 3 ljósgjöfum: D50 (viðeigandi skoðunarbirta fyrir prentvinnslu - dagljós), Tungsten "A" (lampalýsing) og TL84 eða CWF "köld flúorljósabirta" - sbr. skrifstofu/verslunar/sýningalýsing.

Innanmál: Hæð 35 cm, breidd: 68,5 cm, dýpt: 39,5 cm.

**P3D50CWF: Kr. 229.900 án vsk**



Skoðunarkassi með 5 ljósgjöfum: D50 (viðeigandi skoðunarbirta fyrir prentvinnslu - dagljós), Tungsten "A" (lampalýsing), UV, TL84 og CWF "köld flúorljósabirta" - sbr. skrifstofu/verslunar/sýningalýsing.

Innanmál: Hæð 35 cm, breidd: 68,5 cm, dýpt: 39,5 cm.

**P5D50840 : Kr. 299.900 án vsk**

## **PANTONE SkinTone**



## **PANTONE SkinTone™ Guide**

**An exciting new collection of 110 skin tone shades for inspiration and use in any application where skin tone needs to be matched to a color standard.**

The PANTONE SkinTone Guide was created by scientifically measuring thousands of actual skin tones across the full spectrum of human skin types. Specially formulated to be the closest physical representations of skin colors, the library is a comprehensive visual reference of human skin tones for use in any market where skin colors are relevant. It's the only internationally available color standard to accurately match skin tones.

### **The PANTONE SkinTone Guide Numbering System**


Each PANTONE SkinTone number is comprised of a four-digit alphanumeric number. The first two positions reflect the hue or undertone of the skin. The second two positions represent the tone or lightness and darkness of the skin.

### **Features**

- 110 colors numbered from 1Y01 SP to 4R15 SP.
- Each color is identified by a unique PANTONE Number that represents both the tone and the undertone of the color.
- Large-size swatch with central aperture for easy color evaluation and matching.
- Reverse of swatch has mock perforation to allow color to be shared.
- Digital values available in PANTONE COLOR MANAGER Software.
- Includes color index.
- Colors were developed to present the best color match when evaluated under D65 (Daylight 6500K) lighting.
- Compatible with today's digital workflows – colors easily updated in leading design applications.

**STG201, 110 húðtónar: verð kr. 15.900 án vsk**

### **PANTONE Lighting Indicator Stickers (40 stk)**



#### **Sniðug lausn þar sem litir skipta máli.**

Mat lita byggir á nokkrum þáttum: litnum (þ.e. litarefninu) sjálfum, lit ljóssins sem er notað til að lýsa upp litinn við skoðun og magni ljóssins sem beint er að litnum við skoðun og sjónarhorninu í gráðum talið.

Alþjóðlegt samkomulag hefur orðið um að nota D50 birtustigið og 2 gráðu skoðunarhorn við skoðun á próförkum og prentuðu efni. D50 er hlutlaus birta, þ.e. hvorki gulleit né bláleit heldur mitt á milli, - hvít.

Því þurfa þeir sem vinna við prenthönnun og prentun að notast við perur með þessu birtustigi - skv. ISO 3664-2009 og eins þarf að notast við D50 birtustig á tölvuskjám fyrir bestu nálgun.

Hér er um að ræða rifgataðar arkir með 40 tvískiptum miðum (5 x 8 – sjá mynd) sem hægt er að rífa af og hefta við prófarkir þar sem litir skipta máli.

Það er góð regla og ber vott um fagmennsku að hefta 1 stk svona miða við próförk áður en hún er send út. Sjáist 2 litir á miðanum á skoðunarborði prentvélar – eða hvar sem viðskiptavinur tekur út og samþykkir próförk, þá er birtan röng en sjáist 1 litur (lítil sem engin skil) þá er birtan viðeigandi.

Hægt er að fá bæði miða fyrir D-65 og D-50 birtustig en D50 er notað í grafíska iðnaðinum og er það birtustig sem er notað í skoðunarborð á prentvélum þegar prentun fer fram (skv. ISO 3664-2009).

D65 er hinsvegar það birtustig sem allar aðrar greinar en prentiðnaður styðjast við og nota við mat á litum. D65 er það sem kemst næst því að líkja eftir venjulegri dagsbirtu.

I&I Heildsala/Spot-Nordic býður einnig hágæða ljós og ljósaperur (bæði túbuperur og LED) með birtustiginu D50 eða D65 frá þýska framleiðandanum Just Normlicht ef tryggja þarf rétt birtustig – allt frá ljósaskoðunarkössum sem hægt er að taka með sér upp í skoðunarborð fyrir prentvélar og allt þar á milli.

PANTONE Lighting Indicator Stickers er þróað í samstarfi við Munsell.

**LNDS-1PK-D50: verð kr. 7.900 + vsk**

**LNDS-1PK-D65: verð kr. 7.900 + vsk**